



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

614. fundur stjórnar SSH
var haldinn í Hamraborg 9, mánudaginn 22. september 2025
og hófst hann kl. 13:30.

Fundinn sátu:

Heiða Björg Hilmdóttir, Almar Guðmundsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Regína Ásvaldsdóttir, Valdimar Víðisson, Þór Sigurgeirsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH og Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Heiða Björg Hilmdóttir formaður stjórnar setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Frumniðurstöður ESA um undanþágur á greiðslu tekjuskatts byggðasamlaga - 2309018

Framhald umræðna en á 53. eigendafundi Sorpu var tillaga að útfærslum vegna málsins kynnt og m.a.eftirfarandi bókað í fundargerð vegna þess:

"Stjórn Sorpu ályktaði á fundi sínum 18. júní sl. að stjórnin telur tillögu vinnuhópsins, sem hér er til umfjöllunar, koma að fullu til móts við þau sjónarmið sem ESA teflir fram. Stjórnin samþykkti tillöguna fyrir sitt leyti og vísaði málinu til endanlegrar ákvörðunar á vettvangi eigenda Sorpu bs., að fengnu áhættumati áhættunefndar Sorpu bs.

Niðurstaða fundar:

Lagt fram til kynningar og umræðu. Frekari umræður munu fara fram á vettvangi stjórnar SSH. Áhættumat áhættunefndar Sorpu liggur fyrir og verður sent stjórn SSH til kynningar vegna þeirrar umræðu."

Haraldur Flosi Tryggvason, Halldór Þorkelsson, Þröstur Sigurðsson og Þórhallur Hákonarson fulltrúar í vinnuhópi Sorpu bs. vegna ofangreinds máls kynna fyrirbyggjandi tillögu. Umræður.

Gestir

Haraldur Flosi Tryggvason lögmaður Sorpu bs.

Þórhallur Hákonarson fjármálastjóri Sorpu bs.

Halldór Þorkelsson rágjafi, Arcur.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri Sorpu bs.

Þröstur Sigurðsson ráðgjafi, Arcur.

Niðurstaða:

Stjórn samþykkir að vísa fyrirbyggjandi tillögu til umræðu og afgreiðslu aðildarsveitarfélaganna að fenginni kynningu og umræðu í stefnuráði.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:30.

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08 2026